

Tilmæli 2/2024  
Tillaga A 1974/UVU  
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

## Nefndarálit um svar við tilmælum 2/2024

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð leggi svarið við 2/2024 til hliðar og bíði eftir *pólítísku samráði* um norrænu landamærasvæðanefndirnar.

### Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að

- að tillaga landamæranefndanna „Landamæranefndir framtíðarinnar 2.0“ skuli liggja til grundvallar við gerð samstarfsáætlunar samstarfssviðs Norrænu ráðherranefndarinnar um byggðastefnu fyrir tímabilið 2025–2030;
- att gera grein fyrir ástæðum þess að Norræna ráðherranefndin telur að landamæranefndirnar skuli starfa í samkeppnisumhverfi.

### Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Samstarf norrænna landamærasvæða er afar mikilvægt til að geta framfylgt framtíðarsýn norrænu forsætisráðherranna um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og mest samþætta svæði heims fyrir 2030. Með samstarfi yfir landamæri getur Norræna ráðherranefndin stuðlað að þróun norrænna landamærasvæða, aukið samþættingu og dregið úr neikvæðum áhrifum sem einstaklingar og fyrirtæki geta fundið fyrir ef þau eru staðsett hvort sínum megin við landamæri.

Samstarf landamærasvæða er í miklum forgangi hjá norrænu ráðherranefndinni sem fer með byggðapróun og skipulagsmál. Því hefur embættismannanefndin um byggðastefnu (EK-R) tekið saman sérstakt undirmarkmið í samstarfsáætluninni um byggðapróun og skipulagsmál 2025-2030 um að samstarfssviðið eigi að beita sér fyrir því að skapa góð rammakjör fyrir samstarf landamærasvæða og virk svæði á næsta tímabili áætlunarinnar.

Samstarfsáætlunin um byggðapróun og skipulagsmál 2025-2030 segir frá meginmarkmiðum og undirmarkmiðum í framtíðarstarfi á sviðinu en henni fylgja starfsáætlanir til þriggja ára sem tilgreina aðgerðir sem grípa á til. Í samstarfsáætluninni



eru ekki tilteknar neinar stjórnsýslustofnanir eða aðgerðir í sambandi við meginmarkmið eða undirmarkmið hennar. Það er hins vegar gert í starfsáætlunum. Því er ekki talin ástæða til að leggja tillöguna „Landamæranefndir framtíðarinnar 2.0“ til grundvallar við gerð samstarfsáætlunar samstarfssviðsins um byggðastefnu.

Norræna ráðherranefndin tekur þó tillit til allra hugmynda utanaðkomandi aðila sem borist hafa við gerð samstarfsáætlana en einnig komandi starfsáætlunar fyrir tímabilið 2025-2027.

Norræna ráðherranefndin endurskoðar stöðugt fjárveitingar á öllum sviðum, ekki eingöngu til samstarfs landamærasvæða. Viðkomandi aðilar eiga að njóta jafnræðis og við berum ábyrgð á því að tryggja að skattfé Norðurlandanna nýtist þar sem það skapar mesta norræna nytsemi.

EK-R hefur því kannað hvort þörf sé á gagnsærra og opnara fjármögnunarlíkani fyrir samstarf landamærasvæða. Markmiðið er ekki að útiloka aðila sem hafa fengið fjárveitingar á yfirstandandi tímabili samstarfsáætlunar 2021-2024, heldur að tryggja jafnræði og skapa skýrt og gagnsætt ákvörðunarferli um samstarf norrænna landamærasvæða í framtíðinni.

Með hliðsjón af þessu er það mat EK-R að sú auglýsing eftir umsóknum fyrir samstarf landamærasvæða 2025-2027 sem birt var á norden.org 3. maí 2024 sé besta leiðin til að tryggja þetta.

*Norræna ráðherranefndin telur að með þessu hafi verið orðið við tilmælunum að hluta til.*

## **Sjónarmið nefndarinnar**

Svar hefur borist frá Norrænu ráðherranefndinni: Óhætt er að fullyrða að hugmyndir/tillögur hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um meginmarkmið og undirmarkmið hafi ekki ratað inn í samstarfsáætlunina 2025-2030 sem fjallar um meginmarkmið og undirmarkmið samstarfssviðsins en starfsáætlanir til þriggja ára munu tilgreina aðgerðir sem grípa skal til.

Markmið: Að efla starf norrænu landamæranefndanna.

Undirmarkmið: Stöðug grunnfjármögnun norrænu landamæranefndanna til langs tíma.

Norræna ráðherranefndin hefur metið það svo að tillögur hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um markmið samstarfsáætlunarinnar 2025-2030 og tillaga landamæranefndanna skipti ekki máli við gerð samstarfsáætlunar um byggðapróun og



skipulagsmál 2025-2030 heldur eigi þær frekar heima í meðfylgjandi starfsáætlunum sem eru í vinnslu. Nefndin óskar því eftir skýrari svörum við því hvort Norræna ráðherra nefndin telji að tillaga landamæranefndanna, „Landamæranefndir framtíðarinnar 2.0“ skuli höfð til hliðsjónar við gerð umræddra starfsáætlana.

Varðandi ástæður þess að Norræna ráðherra nefndin telji að landamæranefndirnar eigi að sækja um fjárveitingar í samkeppni við aðra, svarar ráðherra nefndin á þá leið að viðkomandi aðilar eigi að njóta jafnræðis og að hún beri ábyrgð á að tryggja að skattfé Norðurlandanna nýtist þar sem það skapi mesta norræna nytsemi. Eins sé þörf á gagnsærra og opnara fjármögnunarlíkani fyrir samstarf landamærasvæða.

Hér tekur hagvaxtar- og þróunarnefndin einnig eftir því að í svarinu kemur ekki nægilega skýrt fram við hvaða aðra aðila sé átt, hvernig réttu aðilarnir verði fundnir til að skapa sem mesta norræna nytsemi fyrir norrænt skattfé eða með hvaða hætti núverandi fjármögnunarlíkan er ekki nógu gagnsætt og opið fyrir norrænt samstarf.

Landamæranefndirnar hafa verið samstarfsvettvangur sveita- og svæðastjórnafólks yfir norræn landamæri um margra ára skeið. Hagvaxtar- og þróunarnefndin telur áhyggjuefni að svar Norrænu ráðherra nefndarinnar beri ekki vott um að litið sé á reynslu og þekkingu landamærasvæðanna sem auðlind í vinnunni að framtíðarsýninni, heldur einblínt á hagkvæmni og samkeppnisumhverfi fremur en stöðugleika og langtímahugsunar.

Svarið barst frá embættismannanefndinni um byggðastefnu (EK-R) og því óskar hagvaxtar- og þróunarnefndin eftir pólitísku samráði við Norrænu ráðherra nefndina um sjálfbæran hagvöxt/byggðapróun og skipulagsmál (MR-Vækst-R) til þess að fá innsýn í og skýringu á pólitískri stöðu mála á þessu sviði.

Maríuhöfn, 17. september 2024

*Jani Kokko (sd)*

*Kim Aas (S)*

*Mirja Räihä (sd)*

*Per-Arne Håkansson (S)*

*Stein Erik Lauvås (A)*

*Ann-Sofie Alm (M)*

*Lars Püß (M)*

*Liv Kari Eskeland (H)*

*Kjell-Arne Ottosson (KD)*

*Markku Siponen (C)*

*Ann-Christine Utterstedt (SD)*

*Minna Reijonen (saf)*

*Erling Eidesgaard (T)*

*Orrí Páll Jóhannsson (VG)*

*Tor André Johnsen (FrP)*